



HRUNAMANNAHREPPUR

82. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

2. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 5. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Jón Bjarnason skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Afréttamálanefnd: Fundargerð 10. fundar frá 2. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 10. fundar Afréttamálanefndar.

Varðandi lið 4 þá tekur sveitarstjórn undir með nefndinni að innheimta fjallskila þarfnast endurskoðunar með tilliti til breyttrar búsetu íbúa og öðruvísi landnotkun í sveitarfélaginu. Einnig með tilkomu þeirra samninga sem gerðir hafa verið undanfarin ár um lóðir á afréttinum falla til umtalsverðar tekjur sem skapa gott rými til að endurskoða og fella niður gjald sem innheimt hefur verið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fjallskilagjald fyrir árið 2025 verði 220 kr. per. vetrarfóðraða kind og lagt einungis á þá bæi sem nýttu afréttinn sumarið 2025.

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni að klára þarf framkvæmdir við Eiríksskála sem ekki náðist að fullu fyrir vetrarhörkur.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

2. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 17. fundar frá 22. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð 17. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 25. fundar frá 27. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð 25. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn samþykkir tímasetningu Heilsuvikunnar sem verður 31.8.2026 – 6.9.2026.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

4. Fundargerð 317. fundar skipulagsnefndar frá 14. janúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. janúar sl.

Lögð fram fundargerð 317. fundar skipulagsnefndar frá 14. janúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

APJ DGS ~~HA~~
SD BV

Mál nr. 15. Hrafnabjörg: Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting. Hrafnabjörg L194595; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting – 2212038

Lögð er fram, eftir auglýsingu, skipulagstillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps landi Hrafnabjarga. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hrafnabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í Klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hrafnabjarga á reit F20 í gildandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. janúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. janúar sl.

5. Fundargerð 318. fundar skipulagsnefndar frá 28. janúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. janúar sl.

Lögð fram fundargerð 318. fundar skipulagsnefndar frá 28. janúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. janúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. janúar sl.

6. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 133. fundar stjórnar frá 14. janúar 2026. -Ásamt fylgiskjali um lóðamál og merkjalýsingar.

Lögð fram fundargerð 133. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs. ásamt fylgiskjali um lóðamál og merkjalýsingar.

Varðandi lið 2 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að skipulagsfulltrúi fái umboð til að undirrita, fullgilda og ljúka við alla nauðsynlega skjalagerð í tengslum við merkjalýsingar fyrir Hrunamannahrepp.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

7. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 17. desember 2025.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

ART DGS AS JB BV

8. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 19. janúar 2026.

- Ásamt minnisblaði.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls ásamt minnisblaði.

Varðandi lið 2 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að ráðinn verði forstöðumaður fyrir SVÁ í fullt starf, tímabundið til eins árs.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

9. Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls: Fundargerð 5. fundar frá 13. janúar 2026.

-Ásamt reglum og gjaldskrá sem afgreiða þarf sérstaklega.

-Ásamt undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Lögð fram fundargerð 5. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls ásamt reglum og gjaldskrá og undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Varðandi lið 1 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða framlagðar reglur um akstursþjónustu eldri borgara hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls

Varðandi lið 2 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða framlagða tillögu að viðmiðunarreglum vegna einstaklingsstuðnings.

Varðandi lið 3 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða framlagða tillögu að hækkingu fjárhagsaðstoðar og breytingar á gjaldskrá velferðarþjónustu fyrir árið 2026.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

10. SASS: Fundargerð 632. fundar stjórnar frá 9. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð 632. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn harmar að úthlutunum úr uppbyggingarsjóði sé fækkað úr tveimur í eina á hverju ári. Telur sveitarstjórn að með þessu sé verið að fækka mögulegum umsóknum þar sem of langt líður á milli úthlutunar sjóðsins. Markmiðið ætti alltaf að vera það að gera flestum kleift að sækja um.

11. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 251. fundar frá 28. janúar 2026.

-Ásamt bréfi sent á aðildarsveitarfélög Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Lögð fram fundargerð 251. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt bréfi sent á aðildarsveitarfélög Heilbrigðisnefndar Suðurlands bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar ásamt fylgigögnum.

12. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aukaaðalfundar SOS frá 16. janúar 2026.

-Ásamt viðauka við fjárhagsáætlun og tillögu að breytingum á samþykktum sem afgreiða þarf sérstaklega.

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt viðauka við fjárhagsáætlun og tillögu að breytingum á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands til fyrri umræðu.

Tekinn er sérstaklega fyrir liður 5.a.:

Lagðar eru fram til fyrri umræðu breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og vísar tillögu um breytingar á samþykktum til síðari umræðu.

ART DAS LA JB BL

Tekinn er sérstaklega fyrir liður 5.c. lagður er fram til samþykktar viðauki við fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka við fjárhagsáætlun Sorpstöðvarinnar.

13. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 342. fundar frá 12. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð 342. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

14. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 343. fundar frá 16. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð 343. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 28. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð 20. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

16. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 27. janúar 2026.

Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Framkvæmdaráð Almannaþarna Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar frá 25. september 2025.

Lögð fram fundargerð 9. fundar framkvæmdaráðs Almannaþarna Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Almannaþarnarnefnd Árnessýslu: Fundargerð frá 15. október 2025.

Lögð fram fundargerð Almannaþarnarnefndar Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

19. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 29. janúar 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 305. mál – Framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.

Lagt fram til kynningar.

20. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 29. janúar 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 31. mál – Réttindavernd fatlaðs fólks.

Lagt fram til kynningar.

21. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 29. janúar 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 312. mál – Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)

Lagt fram til kynningar.

22. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 21. janúar 2026.

ARJ DGS AA JSB Bv

Lögð fram Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 311. mál – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030.

Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn umsögn.

23. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 29. janúar 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 307. mál – Breyting á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun og vernd og orkunýtingu landssvæða.

Lagt fram til kynningar.

24. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 23/2026, „Breytingar á reglugerðum er varða kosningar“.

Lagðar fram breytingar á reglugerðum er varða kosningar.

Lagt fram til kynningar.

25. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 22/2026, „Grænbók um byggðamál“.

Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 22/2026 „Grænbók um byggðamál“.

Lagt fram til kynningar.

26. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 14. janúar 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hamingjan sanna ehf., kt. 530411-0790 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – H Frístundahús. Álfaheiði, Hátorfu 2, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn vísar beiðninni til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 20. janúar 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hrunamannahrepps, kt. 640169-2309 um tækifærisleyfi vegna árlegs hjónaballs Hrunamannahrepps sem fram fer þann 07.03.2026 kl. 18:00 til 08.03.2026 kl. 03:30

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

28. Bréf frá SASS frá 19. janúar 2026

Lagt fram bréf frá SASS vegna breytinga á verklagi og úthlutunartíðni Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn vísar til bókunar undir lið 10 í þessari fundargerð.

29. Úttekt á Brunavörnum Árnessýslu.

Lögð fram úttekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á Brunavörnum Árnessýslu.

Lagt fram til kynningar.

30. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 19. febrúar nk., kl. 14:00.

ASG DGS HA JSB
BDV

Mál til kynningar:

31. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 992. fundar frá 23. janúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.

32. **Úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs.**
Lagt fram til kynningar.

33. **Boð á aðalfund Límtré Vírnets ehf.**
Lagt fram til kynningar.

34. **Boð á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:07

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Daði Geir Samuelsson

Herbert Hauksson

SR

Bjarney Vignisdóttir